

2. janúar 2004

Varðar frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr 106/2000, 301. mál

SUNN hafa kynnt sér lagafrumvarpið og athugasemdir með því og gera ekki athugasemdir við það meginmarkmið að einfalda og skerpa ferli við mat á umhverfisáhrifum í ljósi reynslu.

SUNN fagna sérstökum skilgreiningum á umhverfisverndarsamtökum og málskotsrétti þeirra en spyrja hvað átt sé við „hagsmunasamtök“ sem nefnd eru í 12. gr. frumvarpsins? Þá telja SUNN að óeðlilegt sé að miða félagafjölda umhverfisverndarsamtaka við 50 eða fleiri þar sem um kynni að vera að ræða samtök í fámennum sveitarfélögum eða landshluta. Í SUNN eru nú á milli 70 og 80 félagar og félagssvæðið er allt Norðurland. Við getum ímyndað okkur að samtök á Vestfjörðum eigi að hafa hér fullt vægi þótt félagar séu t.d. aðeins 20. Málskotsrétt mætti auka með því að lækka þessa tölu eða veita samtökum sem eiga aðild að samstarfsyfirlýsingu frjálsra félagasamtaka og umhverfisráðuneytisins þótt félagar séu færri en 50.

Þá telja SUNN ófullnægjandi að umhverfisverndarsamtök fái aðeins sérstakan málskotsrétt heldur telja samtökin og hafa bent á það áður að álits þeirra sé þörf á fyrri stigum, t.d. að Skipulagsstofnun beri að leita álits umhverfisverndarsamtaka við því hvort framkvæmd sé undanþegin mati á umhverfisáhrifum, og einnig að sveitarfélög leiti álits umhverfisverndarsamtaka. Þannig væri unnt að fá gagnlegar athugasemdir sem annars kæmu ekki fram nema í mun alvarlegra ferli sem málskot til ráðherra óneitanlega er. Farvegir sem til koma út af samstarfsyfirlýsingunni eru nothæfir hér þannig að þetta ætti ekki að vera mjög flókið mál. Enn má áréttá hér að Ísland fullgildi Árósayfirlýsinguna.

Þótt umhverfisverndarsamtök gegni mikilvægu hlutverki og sérstök skilgreining á málskots- og umsagnarrétti þeirra sé eðlilegt skref í lagasetningu, er vandséð hvers vegna á að þrengja málskotsrétt ófélagsbundinna einstaklinga.

SUNN hafa efasemdir um að rétt sé að hætta við úrskurðarvald Skipulagsstofnunar og fela öðrum aðilum. Einkum virðist óþarfi að fella niður hugtakið umtalsverð umhverfisáhrif — en það er kannski nauðsynlegt til að sveitarstjórnir og aðrir leyfishafar geti sniðgengið niðurstöður Skipulagsstofnunar?

SUNN hafa ekki bolmagn til að liggja yfir því nákvæmlega hvaða framkvæmdir eru undanþegnar matsskyldu en sýnist að hér sé reynt að þrengja að hægt sé að fara út í skaðlegar framkvæmdir án mats á umhverfisáhrifum, t.d. að ekki sé hægt að byggja hverja smávirkjunina við aðra án mats. SUNN benda á að lagasetning þarf að tryggja að ekki sé hægt að nýta sér alls konar „holur“. Dæmi um það væri skógrækt á tveimur nærliggjandi 40 hektara svæðum.

F.h. SUNN


Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, formaður